

Verkalýður og stjórnsmál á Hvammstanga á fyrri hluta 20. aldar

Vilhelm Vilhelmsson

Í bókinni *Kraftaverk einnar kynslóðar* segir Einar Olgeirsson sögu verkalýðsfélagsins Hvatar á Hvammstanga vera „lýsandi dæmi um þá ströngu baráttu, sem mörg fámenn verkalýðsfélög urðu að heyja, og um þrautseiga brautryðjendur, sem með staðfestu sinni lögðu grunn að lífskjaraumbótum handa fátækri alþýðu á Íslandi“.¹

Það er óhætt að taka undir með Einari. Félagið mætti mikilli mótspyrnu af hálfu atvinnurekenda fyrstu starfsárin og lifði eingöngu vegna þrautseigju brautryðjenda þess. En sögu Hvatar má einnig skoða í öðru samhengi. Líkt og þekkt er ríktu á þriðja og fjórða áratug tuttugustu aldar hörd átök um hugmyndafræðilega forystu verkalýðshreyfingarinnar. Átökin klufu Alþýðuflokkinn árið 1930 og nokkur verkalýðsfélög klofnuðu sömuleiðis eftir þessum pólitísku línunum. Með því að skoða sögu Hvatar nánar má sjá hvaða áhrif þessi átök gátu haft á þau fjölmörgu litlu verkalýðsfélög sem stofnuð voru víðsvegar um landið á fyrri hluta aldarinnar. Athugun á þeim áhrifum á félag eins og Hvöt getur veitt innsýn í umrædd átök sem ekki næst með því að einblína á verkalýðshreyfinguna í heild eða stærstu aðildafélög hennar. Slíka athugun má jafnframt líta á sem andsvar við þeirri tilhneigingu fræðimanna að einblína á leiðtoga verkalýðsflokkanna eða tengsl þeirra við erlend öfl – stóra atburði og mikla menn – á kostnað alls þess valdalitla alþýðufólks sem raunverulega byggði upp og starfrækti verkalýðshreyfinguna í árdaga hennar og myndaði bakland verkalýðsflokkanna.

Upphafsrárin

Verkamannafélagið Hvöt var stofnað þann 16. janúar 1926 af nokkrum verkamönnum á Hvammstanga en á stofnfundinn mættu níu manns.² Annar fundur félagsins var ekki haldinn fyrr en í desember 1926 og fundir voru óreglulegir allt fram til ársins 1930. Engir nýjrir félagar gengu til liðs við félagið fyrstu fjögur árin og snerust umræður funda fyrst og fremst um kaup við skipa- og eyrarvinnu, vinnutíma og húsnæðis- og fjárþröng félagsins. Starf félagsins var ekki mikið fyrstu árin og má kannski frekar kalla það umræðuklúbb en verkalýðsfélag fyrstu starfsár þess. Tilvist félagsins virðist engu að síður hafa hreyft við atvinnurekendum á staðnum. Félagsmenn voru

¹ Einar Olgeirsson, *Kraftaverk einnar kynslóðar*. Jón Guðnason skráði (Reykjavík 1983), bls. 90.

² *Skjal. V-Hún*. Gjörðabækur Verkalýðsfélagsins Hvatar 1926-1939. Hilla 1.H.6. Bók 1. 16. janúar 1926. Hér eftir verður vísað til gjörðabóka með orðunum „Gjörðabók Hvatar“ auk númers bókar og dagsetningar fundargerðar.

sniðgengnir við vinnu og atvinnurekendur virðast hafa gert í það minnsta eina tilraun til þess að hleypa upp fundi á vegum félagsins.³

Hvammstangi hafði orðið löggiltur verslunarstaður árið 1895 og óx íbúafjöldinn úr 15 manns árið 1901 í 214 árið 1930. Verkaþólk af ýmsu tagi var þar í meirihluta og unnu þau einna helst við að þjónusta kaupmenn. Kaupfélag Vestur-Húnvetninga var stofnað árið 1909 og varð fljótt stærsti atvinnurekandinn á staðnum en vinna var að mestu árstíðabundin sláturvinnu og daglaunastörf á borð við uppskipun. Í slíkri vinnu var unnið samfleitt í allt að tvo sólahringa og sama kaupnið borgað nótt sem dag. Á sumrin var algengt að menn færu í vegavinnu víðs vegar um sýsluna. Þurfti verkaþólk af Hvammstanga yfirleitt að keppa við bændur úr héraðinu um þessi störf.⁴

Miðað við fundargerðarbækur Hvatar hefur ekki verið mikið rætt um pólitíska afstöðu félagsmanna á þessum upphafsárum. Þó var það samþykkt á aðalfundi árið 1927 að „stjórnmalastefna félagsins sé hægfara jafnaðarstefna“.⁵ Raunar virðist pólitísk afstaða félagsmanna vera eitthvað á reiki fyrstu árin. Sigurður Gíslason, einn stofnmedlima félagsins, ritar t.d. í bréfi til Einars Olgeirssonar vorið 1930 að hann sé „kaldhæðinn kommúnisti“. hann sé eini kommúnistinn á staðnum en að Magnús Þorleifsson og Eiríkur Hjartarson séu þeir sem „næst standa kommúnistum“ en að óséd sé „hvar þeir lenda er í odda skerst“.⁶

Einnig hefur þó verið óséd með afstöðu Sigurðar því honum hefur á öðrum stað verið lýst sem dyggum sósíaldemókrata á fjórða áratugnum og hann skrifaði leynilegar skýrslur um öll verkalýðs- og stjórnmal á staðnum til ASÍ frá 1931 til 1937, þ.e. á hápunkt þessara átakaára innan verkalýðshreyfingarinnar.⁷ Hann átti einnig í illvígri ritdeilu við Magnús Þorleifsson, annan af forystumönnum Hvatar, um starfsemi kommúnista innan verkalýðsfélaganna.⁸ Raunar eru þeir Sigurður og Magnús einna mest áberandi í öllum deilum um stjórnmal innan félagsins á þessum árum, Sigurður málsvari sósíaldemókrata en Magnús forystumaður kommúnista. Eiríkur Hjartarson var einnig áberandi talsmaður sósíaldemókrata í þeim deilum en Sigurður Gíslason hafði raunar áhyggjur af því að að Eiríkur væri að færast talsvert til vinstri þar sem hann þyldi

³ Sigurður Gíslason, „Verkalýðsfélagið Hvöt á Hvammstanga“, *Alþýðublaðið* 14. janúar 1935; *Lbs.* 15 Nf, Bréfasafn Einars Olgeirssonar, kassi M-R. Magnús Þorleifsson til Einars Olgeirssonar, 9. nóvember 1930.

⁴ Steingrímur Steinþórsson, *Saga Hvammstanga og hins forna Kirkjubvammshrepps I. Kirkjubvammshreppur hinn forni.* (Hvammstangi 1995), bls. 191-192; Friðrik G. Olgeirsson og Steingrímur Steinþórsson, *Saga Hvammstanga II 1938-1998* (Hvammstangi 2008), bls.46; Hafsteinn Sigurbjarnarson, *Ævisaga Hafsteins Sigurbjarnarsonar. Reykholti í Höjðakaupstað* (Reykjavík 1974), bls. 256-282.

⁵ Gjörðabók Hvatar 1, 22. janúar 1927.

⁶ *Lbs.* 15 Nf, Bréfasafn Einars Olgeirssonar, kassi S. Tvö bréf frá Sigurði Gíslasyni til Einars Olgeirssonar dagsett 26. maí og 8. september 1930.

⁷ Stefán F. Hjartarson, *Kampen om fackföreningsrörelsen. Ideologi och politisk aktivitet på Island 1920-1938.* Acta Universitatis Upsaliensis/ Studia Historica Upsaliensia 158 (Uppsala 1989), bls.150.

⁸ Sigurður Gíslason, „samfylkingar“blekkingar kommúnista“, *Alþýðublaðið* 9. apríl 1934; Magnús Þorleifsson, „Svar til Sigurðar Gíslasonar“, *Verkamadurinn* 16. júní 1934.

ekki að vera kallaður „hægfara“.⁹ Þessir þrír menn drottнуðu yfir flestum umræðum um sambands- og stjórnmal innan félagsins og sátu þeir nær óslitið í stjórn félagsins fyrstu áratugin.

Hvöt gekk í Verklýðssamband Norðurlands (VSN) snemma árs 1927 og virðist það hafa verið að frumkvæði sambandsins.¹⁰ Verklýðssamband Norðurlands var líkt og þekkt er höfuðvígi vinstri armsins í Alþýðuflokki og eftir stofnun Kommúnistaflokks Íslands var VSN ein aðal mátarstoð flokksins.¹¹ Ástæður þess að Hvöt gekk í Verklýðssamband Norðurlands frekar en ASÍ koma hvergi fram í fundargerðarbókum eða öðrum samtímaheimildum. Þó hljóta ýmsir samverkandi þættir að hafa haft áhrif á þá ákvörðun.

Í fyrsta lagi hafa praktískar ástæður skipt máli. Samgöngur um norðurland voru mun auðveldari en suður yfir heiðar, auk þess sem það hefur legið beinast við að verkalýðsfélag á norðurlandi leitist eftir að mynda samband við félag á sínu heimasvæði. Eitt af helstu markmiðum VSN var að samþætta launakröfur verkalýðsfélaga á norðurlandi og í augum fátækra og áhrifalítilla verkamanna í smáþorpi hlýtur það að hafa vegið þungt að sambandið hugðist einblína á kaup og kjör verkafólks á svæðinu en standa utan við stjórnmalábras.¹² Í öðru lagi hafði VSN tekið frumkvæði og boðið félaginu inngöngu en ekki er að sjá á fundargerðum félagsins að ASÍ hafi svo mikið sem haft samband við félagið, hvað þá boðið því inngöngu. Í þriðja lagi þá ríkti innan Hvatar almenn óánægja með það hvernig ASÍ fléttaði saman pólitík og verkalýðsmál og félagið ályktaði oftast en einu sinni um að æskilegt væri að aðskilja þetta tvennt.¹³ Sambandsmálin urðu þó eitt helsta ágreiningsmál félagsmanna á 4. áratugnum í kjölfar þess hvernig verkalýðshreyfingin tók á stuðningi sínum við fyrsta verkfall Hvatar.

Brúarfossdeilan

Hvöt gekk í Alþýðusamband Íslands um vorið 1931. Mánuðina á undan hafði félagið deilt við kaupfélagið á staðnum um kaup og kjör og var ASÍ falið að semja fyrir hönd félagsins.¹⁴ Deilan átti sér töluvert langan aðdraganda¹⁵ en allt frá haustinu 1930 hafði verið tekist á um kaup og kjör við skipavinnu og forgöngurétt félagsmanna að þeirri vinnu. Samkomulag hafði náðst um kaup en þar sem kaupfélagsstjóri gat ekki sætt sig við önnur skilyrði félagsins var deilan óleyst fram á

⁹ Stefán F. Hjartarson, *Kampen om fackföreningsrörelsen*, bls.119-120.

¹⁰ Gjörðabók Hvatar 1, 20. mars 1927; „Verklýðssamband Norðurlands fær liðsauka“, *Verkamáðurinn* 9.apríl 1927.

¹¹ Þór Whitehead, *Kommúnistabreyfingin á Íslandi 1921-1934*. Sagnfræðirannsóknir – Studia Historica 5. Ritstjóri Þórhallur Vilmundarson (Reykjavík 1979), bls.71-73; 79.

¹² Stefán F. Hjartarson, *Kampen om fackföreningsrörelsen*, bls. 80-81, 134.

¹³ Gjörðabók Hvatar 1, 11. október 1931; 11. September 1932.

¹⁴ Gjörðabók Hvatar 1, 1. júní 1931; Stefán F. Hjartarson, *Kampen om fackföreningsrörelsen*, bls. 147-148.

¹⁵ Í bréfi til Einars Olgeirssonar, dagsett 9. nóvember 1930, segir Magnús Þorleifsson að á Hvammstanga sé „nokkur ólga undir niðri ... og má ef til vill vænta einhverja tíðinda.“

haustið 1931.¹⁶ Ekki kemur fram af hverju leitað var til ASÍ frekar en VSN en ekki er erfitt að giska á ástæðurnar. ASÍ hafði mun meiri slagkraft, gat beitt Sambandi Íslenskra Samvinnufélaga þrýsting sem VSN var ekki í jafn góðri aðstöðu til og ekki er erfitt að ímynda sér að kaupfélagsstjórinn Hannes Jónsson, sem einnig var þingmaður fyrir Framsóknarflokkinn, hafi sett einhver skilyrði um það hvaða aðila hann væri reiðubúinn að semja við.

Samþykkt var að efna til verkfalls um haustið og þegar Brúarfoss kom til Hvammstanga að sækja fryst kjöt í byrjun október 1931 hófst Brúarfossdeilan svokallaða. Alþýðusambandið bað verkalýðsfélag um land allt að vinna ekki við skipið en Brúarfoss var afgreiddur á Hvammstanga af verkfallsbrjótum. Á Siglufirði fékkst skipið ekki afgreitt en á Akureyri var einungis neitað að uppskipa vörum til eða frá Hvammstanga en skipið annars afgreitt.¹⁷ Stuttu síðar setti Alþýðusambandið afgreiðslubann á öll þau skip sem afgreiddu vörur til og frá staðnum. Samið var skömmu eftir það. Öll skilyrði Hvatar voru samþykkt og áleit Hvöt sig réttilega hafa unnið stórsigur.¹⁸

Framkvæmd afgreiðslubannsins varð tilefni harðrar gagnrýni kommúnista á stjórn Alþýðusambandsins. Á síðum *Verkamannsins* var ASÍ gagnrýnt fyrir að hafa ekki leitað til VSN heldur einungis til fulltrúa ASÍ á Akureyri, sem hundsáð hafi hjálparbeiðnina.¹⁹ Sú ákvörðun Erlings Friðjónssonar, formanns Verkamannafélags Akureyrar og fulltrúa ASÍ, að bera afgreiðslubannsbeiðnina á Brúarfoss ekki undir félagsmenn heldur taka sjálfur einhliða ákvörðun um að tilkynna ASÍ að samtökin væru of veik á Akureyri til að framkvæma allsherjar verk bann vakti mikla reiði.²⁰ Stefán Hjartarson sagnfræðingur telur í doktorsritgerð sinni að ákvörðun Erlings hafi fyrst og fremst verið pólitísk og hafi þjónað þeim tilgangi að grafa undan ítökum kommúnista í verkalýðshreyfingunni á Norðurlandi og ég held að það sé óhætt að taka undir það með honum.²¹ Það voru í það minnsta áhrifin af ákvörðun Erlings innan Hvatar.

Mikillar óánægju gætti strax innan félagsins með framgöngu einstakra verkalýðsfélaga í málinu og á fundi þann 11. október var rætt um „svik félaganna á Akureyri og hásetanna á Brúarfossi“.²² Ályktun frá félaginu birtist í *Verkamanninum* þann 24. nóvember 1931 þar sem lýst

¹⁶ Sjá eftirfarandi fundargerðir í Gjörðabók Hvatar 1: 19. desember 1930; 9. janúar 1931. *Lbs.* 15 Nf. Bréfasafn Einars Olgeirsson, kassi M-R.

¹⁷ „Kaupdeila á Hvammstanga“ og „Deilan á Hvammstanga“, *Alþýðublaðið* 2. október 1931; „Verkamenn rísa gegn kaupkúguninni á Hvammstanga“, *Verklýðsblaðið* 6. október 1931; „Hvammstangadeilan“, *Alþýðublaðið* 7. október 1931.

¹⁸ Samningurinn er birtur í heild sinni í *Alþýðublaðinu* þann 12. október 1931 og má glögglega sjá að Hvöt fékk þar allar kröfur sínar uppfylltar, enda lýsti félagið því yfir á fundi þann 11. október að það hefði „náð fullum sigri“ í deilunni. Gjörðabók Hvatar 1, 11. október 1931.

¹⁹ „Kaupdeila á Hvammstanga“, *Verkamannurinn* 3. október 1931.

²⁰ „Svik kratanna“, *Verkamannurinn* 10. október 1931. Í *Verklýðsblaðinu* er framkvæmdaleyfi Erlings kallað síðasti hlekkurinn í „svikakeðju kratanna“. „Hvammstangadeilunni lokið“, *Verklýðsblaðið* 13. október 1931.

²¹ Stefán F. Hjartarson, *Kampen om fackföreningsrörelsen*, bls. 148.

²² Gjörðabók Hvatar 1, 11. október 1931.

er yfir vantrausti á stjórn Verkamannafélags Akureyrar vegna viðbragða Erlings við kalli Alþýðusambandsins.²³ Þar með tók Hvöt undir þá gagnrýni kommúnista að framkoma Erlings Friðjónssonar og „kratanna“ hafi verið verkalýð landsins síst til hagsbóta. Á sama tíma urðu ýmsir félagsmenn Hvatar fráhverfir VSN og töldu sambandið hafa „sofið vært“²⁴ á meðan á deilunni stóð. Hvöt sagði sig endanlega úr því í mars 1933 eftir talsverðar deilur innan félagsins. Félagsmenn voru hins vegar almennt séð hæstánægðir með framgöngu Alþýðusambandsins og styrktust bönd þess við ASÍ talsvert hér eftir.

Átakaárin

Sé túlkun Stefáns Hjartarsonar rétt, og ég tel að svo sé, þá er ákvörðun Erlings Friðjónssonar gott dæmi um þau undirförlu bellibrögð sem beitt var í átökum kommúnista og sósíaldemókrata á fjórða áratugnum á kostnað almennra verkamanna. Með stofnun Kommúnistaflokks Íslands árið 1930 höfðu deilurnar magnast og má segja að næstu ár hafi sósíalistahreyfingin – og þá jafnframt verkalýðshreyfingin – á Íslandi verið að fullu klofin í tvennt. Á Siglufirði og Akureyri klofnuðu til dæmis félög verkafólks eftir flokkslínunum í aðskilin félög og voru þau ýmist rekin úr eða tekin inn í Alþýðusambandið eftir pólitískri afstöðu þeirra.²⁵ Stríðandi fylkingar sendu jafnframt fulltrúa sína til funda við verkalýðsfélög vítt og breitt um landið þar sem aðalmarkmiðið virðist hafa verið ýmist að svarta andstæðinga sína eða snúa félögum á sitt band. Þannig komu fulltrúar frá Alþýðusambandinu til Hvammstanga til þess að fá Hvöt til að segja sig úr Verklýðssambandi Norðurlands og til að stofna jafnaðarmannafélag hliðhollt Alþýðuflokknum. Fyrir hönd Verklýðssambands Norðurlands kom Gunnar Benediktsson til fundar við félagsmenn í svipuðum erindagjörðum og jafnframt til að stofna deild Alþjóðjasamhjálpur Verkalýðsins (ASV) á Hvammstanga.

Þær umræður sem heimsóknir erindreka stríðandi fylkinga vöktu upp á fundum Hvatar undirstrika þau áhrif sem framkvæmd vinnustöðvunarinnar á Akureyri hafði á félagsmenn. Í því tilfelli varð hið smávaxna félag á Hvammstanga að leiksoppi í pólitísku valdatafli heittrúaðra verkalýðsforingja á Akureyri.

Erlingur Friðjónsson, sem hafði setið í stjórn Alþýðusambandsins og sat jafnframt á Alþingi fyrir Alþýðuflokkinn, hafði verið formaður VSN en stjórnin var að mestu skipuð kommúnistum. Um áramótin 1930/1931 hófust miklar deilur milli Erlings og Einarssonar á síðum *Verkamannsins*, en þeir höfðu ritstýrt blaðinu í sameiningu fram að því. Lét Erlingur af

²³ „Frá Verkamannafél. 'Hvöt'“, *Verkamannurinn* 24. nóvember 1931.

²⁴ Eiríkur Hjartarson tók svo til orða á fundi félagsins í febrúar 1933. Gjörðabók Hvatar 2, 10. febrúar 1933.

²⁵ Benedikt Sigurðsson, *Brauðstrit og barátta. Úr sögu byggðar og verkalýðsbreyfingar á Siglufirði I* (Siglufjörður 1989), bls.300; Tryggvi Emilsson, *Baráttan um brauðið*, Æviminningar 2. bindi (Reykjavík 1977), bls.266-267;270f.

störfum bæði sem formaður VSN og sem ábyrgðarmaður og ritstjóri *Verkamannsins* í kjölfar orðaskipta hans og Einars í janúar 1931. Erlingur hóf útgáfu nýs rits jafnaðarmanna auk þess sem hann hóf ásamt fleirum að leggja grunn að nýju héraðssambandi á Norðurlandi sem yrði deild innan ASÍ. Tilgangur alls þessa var að grafa undan áhrifum Verklýðssambands Norðurlands og þar með áhrifum kommúnista innan verkalýðshreyfingarinnar. Erlingur hélt hins vegar formennskuembætti í Verkamannafélagi Akureyrar þrátt fyrir að kommúnistar væru ráðandi innan félagsins, og gegndi hann því bæði embætti sendifulltrúa ASÍ á Akureyri og formennsku í Verkamannafélagi Akureyrar þegar Brúarfossdeilan hófst. Það getur því varla talist langsótt að Erlingur hafi upp á sitt einsdæmi ákveðið að nýta ekki styrk Verkamannafélags Akureyrar til fullnustu í því skyni að klekja á andstæðingum sínum innan verkalýðshreyfingarinnar á Akureyri og vekja upp úlfúð og vantrú á getu VSN, og þar með kommúnista, til að styðja aðildarfélög sín í baráttu sinni fyrir bættum kjörum.²⁶

Innan Hvatar var deilt um sambandsmál félagsins, þ.e. hvort félagið ætti að halda áfram aðild sinni að VSN eða hvort félagið ætti að segja sig úr því og styrkja frekar tengslin við Alþýðusambandið, allt frá því Brúarfossdeilunni lauk og þar til félagið sagði sig loks úr VSN í mars 1933.²⁷ Af fundargerðarbókum félagsins má bersýnilega sjá að bæði kommúnistar og sósíaldemókratar innan félagsins hafa stundað það að smala fylgismönnum sínum á fundi í því skyni að fá samþykktar umdeildar tillögur, sem oftast en ekki voru dregnar til baka á næsta fundi þegar hin fylkingin hafði smalað sínum stuðningsmönnum á fund. Þannig fengu kommúnistar undir forystu Magnúsar Þorleifssonar samþykktar tillögu um að mótmæla opinberlega „klofningsstarfsemi krataforingjanna á Akureyri“ og jafnframt brottrekstri þriggja kommúnista úr Dagsbrún í mars 1933, og birtust þau mótmæli á síðum *Verklýðsblaðsins* þann 21. mars sama ár.²⁸ Viku síðar höfðu hins vegar sósíaldemókratar meirihluta á fundi og samþykktu að draga mótmælin opinberlega til baka, enda gæti félagið ekki sent frá sér svo „gífuryrta“ yfirlýsingu.²⁹

Fulltrúar stríðandi fylkinga kynntu undir þetta bál með heimsóknum sínum á fundi félagsins. Þannig vildi Guðjón B. Baldvinsson, sem heimsótti Hvöt fyrir hönd ASÍ þann 10. febrúar 1933 (aðeins tveimur dögum áður en Erlingur Friðjónsson klauf Verkamannafélag Akureyrar) fá að vita hvaða gagn félagsmenn teldu af veru sinni í VSN í ljósi þess að félagið hafi stuttu áður kosið að halda áfram aðild sinni að sambandinu. Hann lýsti því sem ónýtu sambandi sem hafi brugðist skyldu sinni í Brúarfossdeilunni og ítrekaði við fundinn að ASÍ hyggðist stofna

²⁶ Stefán F. Hjartarson, *Kampen om fackföreningsrörelsen*, bls. 70, 84, 124-125, 153-156.

²⁷ Gjörðabók Hvatar 2, 17. apríl 1932; 1. maí 1932; 11. september 1932; 11. janúar 1933.

²⁸ Gjörðabók Hvatar 2, 19. mars 1933; „Frá Hvammstanga“, *Verklýðsblaðið* 21. mars 1933.

²⁹ Gjörðabók Hvatar 2, 24. mars 1933.

nýtt fjórðungssamband á norðurlandi, líkt og verið hafði á dagskrá frá upphafi árs 1931, og hvatti Hvöt til þátttöku í því.³⁰

Þegar Gunnar Benediktsson mætti hins vegar á fund félagsins rúmum mánuði síðar var hamrað á „klofningsstarfsemi“ Alþýðusambandsins, það væri í vasanum á auðvaldinu og væri að „vega aftan að verkalýðnum“ með starfsháttum sínum. Hann ýkti jafnframt styrk kommúnista og fullyrti að bylting væri möguleg á hverri stundu. Aðeins „svik“ Héðins Valdimarssonar hefðu komið í veg fyrir byltingu þegar „búið var að slá niður lögregluna“ eftir Gúttóslaginn nokkrum mánuðum fyrr og verkalýðurinn hafi haft hálstak á yfirstéttinni „sem aldrei hefði þurft að sleppa“.³¹ Slíkar fullyrðingar voru öflugt áróðurstæki á krepputímum þegar bylting virtist ekkert ofboðslega fjarlægur draumur og mikil reiði ríkti í garð stjórnvalda og forkólfa atvinnulífsins vegna framgöngu þeirra í atvinnumálum. En þær voru líka fyrst og fremst áróður, ætlaður til þess að grafa undan trúverðugleika sósíaldemókrata sem raunhæfum málsvörum verkafólks og afla kommúnistum fylgis. Í þessu tilviki var tilgangurinn augljós: Að stappa stálinu í stuðningsmenn VSN innan félagsins og grafa undan Alþýðusambandinu.

Takmarkað umfang stjórnmaladeilna

Í öllum umræðum innan félagsins um sambands- og stjórnmal eru línurnar á milli kommúnista og sósíaldemókrata mjög skýrar, en það vekur raunar athygli hversu fáir félagsmenn hafa séð ástæðu til að taka þátt í þessum deilum. Á aðalfundi Hvatar haustið 1934 var samþykkt tillaga þar sem skorað var á VSN að hætta að „vinna að sundrunu“ innan verkalýðshreyfingarinnar, en það voru aðeins fjórtán manns sem greiddu atkvæði um áskorunina og einungis 6 manns sáu ástæðu til að tjá sig um málið. Þó voru félagsmenn tæplega hundrað talsins um þetta leyti og hljóta meirihluti þeirra að hafa verið mættir til að aðalfundarstörf teldust gild.³² Líklega kærðu stór hluti félagsmanna sig kollótta um þetta stöðuga rifrildi og einblíndu heldur á þau mál er snertu félagið og kjaramál í héraðinu á beinan hátt enda er talað um í fundargerð þann 11. október 1931, í lok Brúarfossdeilunnar, að flestir félagsmenn telji að „æskilegt væri að halda félaginu utan við stjórnmal“.³³

Raunar heyrðu umræður um sambands- og stjórnmal til undantekninga á fundum félagsins. Á árunum 1930 – 1934 voru það helst þrjú mál sem hæst voru á baugi innan félagsins: bygging Verklýðshúss á Hvammstanga, vegavinnumál innan héraðsins og sífelldar breytingar á

³⁰ Gjörðabók Hvatar 2, 10. febrúar 1933.

³¹ Gjörðabók Hvatar 2, 19. mars 1933.

³² Gjörðabók Hvatar 2, 8. nóvember 1934. Í lok ársins 1934 voru félagar þó orðnir tæplega hundrað talsins og þarsem umræddur fundur var aðalfundur hlýtur stór hluti félagsmanna að hafa verið mættir til að stjórnarkjör og önnur aðalfundarstörf teldust gildandi.

³³ Gjörðabók Hvatar 1, 11. október 1931.

lögum félagsins. Bygging verklyðshúss var borðliggjandi mál og naut stuðnings flestra félagsmanna þvert á flokkslínur en hinar sífelloð lagabreytingar komu til af ýmsum ástæðum. Að einhverju leyti spiluðu ólíkar pólitískar áherslur kommúnista og sósíaldemókrata þar hlutverk, en þó er ekki hægt að skella skuldinni með öllu á pólitískar deilur. Þannig var til dæmis kosið þvert á flokkslínur í spurningum um rétt sjálfstæðra atvinnurekenda til að ganga í félagið. Vegavinnumálið er einnig um margt athyglisvert því þar reyndust línurnar á milli deiluaðila mjög óljósar. Þar kemur skýrt fram hversu grunnt deilur um sambandsmál og pólitík ristu þegar kom að raunverulegum velferðarmálum félagsmanna.

Mikið misræmi var á kaupi við vegavinnuna milli sýslna, en vinnan var atvinnubótavinna á vegum hins opinbera, og var það baráttumál hjá ASÍ að samræma kaupið sem og að tryggja forgangsrétt félagsbundinna verkamanna til vinnunnar.³⁴ Innan Hvatar gekk þrálátur orðrómur var um að félagsmenn yrðu sniðgengnir þegar kæmi að ráðningu í hreppnum.³⁵ Forystumenn beggja fylkinga innan Hvatar deildu ítrekað um útfærslur á ýmsum smáatriðum er vörðuðu vegavinnumálin, þ.á m. kauptaxtann,³⁶ en þegar til kastana kom voru flestir sammála um efnisleg atriði baráttunnar og þegar kom að atkvæðagreiðslu var kosið þvert á pólitískar línur. Þannig kusu þann 29. maí 1934 helstu forvígismenn beggja fylkinga með tillögu þess efnis að stöðva alla vegavinnu í sýslunni og hvetja Alþýðusambandið til að gera slíkt hið sama.³⁷ Tillagan var hins vegar felld af almennum félagsmönnum, sem lögðu ekki í það að eiga á hættu að missa vinnuna, fengu þeir hana á annað borð. Vegavinnumálið er þannig lýsandi dæmi þess að þegar kom að raunverulegum hagsmunamálum félagsmanna var lítið mál fyrir stríðandi fylkingar að slíðra sverðin og sameinast um sameiginleg markmið, en jafnframt að þriðji áhrifaaðilinn í þessum efnum voru almennir félagsmenn, sem ekki deildu hinni ákøfu pólitísku sannfæringu forsvarsmannanna. Þeir gátu haft afgerandi áhrif á útkomu mála og settu því hinar stríðandi pólitísku fylkingar í þá stöðu að þurfa ávallt að sannfæra hinn almenna félagsmann um ágæti afstöðu sinnar.

Niðurlag

Með því að þrengja sjónarsviðið í rannsóknum á íslenskri verkalyðssögu má draga fram blæbrigðaríkari mynd af þeirri sögu, mynd sem vissulega endurspeglar hinar breiðu pensilstrokur yfirlitssögunnar en veitir meiri dýpt og meiri tilfinningu fyrir þeim ólíku einstaklingum og þeim ólíku félögum sem mynduðu grasrót íslenskrar verkalyðshreyfingar. Fámenn og „ómerkileg“ félög

³⁴ Svanur Kristjánsson, *Íslensk verkalyðshreyfing 1920-1930*. Íslensk þjóðfélagsfræði 2. Ritstjóri Ólafur Ragnar Grímsson (Reykjavík 1976 [2.útg.]), bls.26-27. Sjá einnig Gjörðabækur Hvatar 2 og 3, ýmsar fundargerðir.

³⁵ Sjá Gjörðabækur Hvatar 2 og 3, 15. nóvember 1931; 21. mars 1932; 28. janúar 1934.

³⁶ Sjá t.d. Gjörðabók Hvatar 2, 1. maí 1932.

³⁷ Gjörðabók Hvatar 3, 29. maí 1934.

á borð við Hvöt á Hvammstanga fóru ekki varhluta af þeim átökum sem skuku stoðir hreyfingarinnar, urðu jafnvel það í pólitísku valdatafli leiðtoga hennar, en á sama tíma virðist það ekki hafa verið mikið mál að leggja pólitískar innbyrðisdeilur til hliðar þegar kom að raunverulegum hagsmunamálum félagsmanna. Þannig kom það t.d. aldrei til greina að kljúfa félagið eða reka „óþekka“ menn úr því. Það var ekki bara smæð félagsins sem gerði það að verkum, heldur skiptu einstaklingarnir sem fóru fyrir ólíkum fylkingum og skapgerð þeirra töluverðu máli. Af gjörðabókum má t.d. sjá Eirík Hjartarson leggja fram hverja málamíðlunartillöguna á fætur annarri þegar skiptar skoðanir Magnúsar Þorleifssonar og Sigurðar Gíslasonar komu í veg fyrir niðurstöðu í brýnum málum. Þá var pólitík og sambandsmál aldrei annað en partur af þeim málefnum sem félagið hafði á sinni könnu og auðvelt reyndist að leggja ágreining til hliðar þegar byggja þurfti samkomuhús fyrir félagið eða þegar standa þurfti vörð um hagsmuni félagsmanna gagnvart sveitarfélaginu eða atvinnurekendum á staðnum. Reyndar má segja að þrátt fyrir mikilvæga aðstoð „heildarsamtaka verkalýðsins“ í ýmsum mikilsverðum málum þá hafi pólitísk afskipti slíkra samtaka á stundum staðið velferð félagsins fyrir þrifum. Jafnvel má fullyrða að félög eins og Hvöt hafi ekki lifað af erfið upphafsár sín eingöngu *vegna* stuðnings heildarsamtaka verkalýðsins heldur á köflum *þrátt fyrir* slíkan stuðning, með þeim þunga pólitíska bagga sem óhjákvæmilega fylgdi slíkum stuðningi.